

Ed. 748. Frumvarp til laga [402. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

26. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1987, orðist svo:

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundradshluti verður lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundradshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundradshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvörðun um álagningu og innheimtu útsvars á tekjur manna á árinu 1988 skulu gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum fram að gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði. Í nefndinni voru: Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem var formaður nefndarinnar.

Aðalmarkmið frumvarpsins er að flytja ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvara til sveitarfélaganna sjálfra, en samkvæmt núgildandi lagaákvæðum er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu ákveðið í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Til þess að ná þessu markmiði þarf að breyta 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og verður frumvarp um það efni flutt samhliða þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að sveitarstjórn ákveði fyrir 1. desember ár hvert álagningarhlutfall útsvars á tekjur manna á næsta ári innan þeirra marka sem sett eru í 25. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið skv. 1. mgr., verði að öðru jöfnu endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu og verði notað við gerð fjárhagsáætlunar.

Í fyrstu fjórum málsgreinunum felast einkum eftirfarandi breytingar:

1. Afskiptum félagsmálaráðherra af ákvörðun innheimtuprósentu útsvars er hætt.
2. Álagningarhlutfall útsvars á tekjur manna á komandi ári er ákveðið fyrir 1. desember árið á undan, en áður var þetta hlutfall ekki ákveðið fyrir en við gerð fjárhagsáætlunar.
3. Gert er ráð fyrir að skil á staðgreiðslufé til sveitarfélaga verði sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið, sbr. þó 5. og 6. mgr., en áður var ekki reiknað með að þessi hlutföll væru endilega þau sömu.

Í 5. mgr. er lögð til sú breyting að ekki þurfi samþykki félagsmálaráðherra fyrir sérstakri hækkun útsvara.

Ákvæði 6. og 7. mgr. eru efnislega óbreytt frá því sem nú er.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að við álagningu og innheimtu útsvars á tekjur manna til ársloka 1988 skulu gilda ákvæði nógildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga.